

2. mars 1977.

205

Nr. 134.

REGLUGERÐ

um netaveiðisvæði á Selvogsbanka.

1. gr.

Skipum, sem stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en netum og handfærum eru bannaðar allar veiðar, frá 20. mars til 15. maí 1977, á svæði, sem markast af línnum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 63°18'0 n. br., 21°10'0 v. lgd.
- b) 63°13'6 n. br., 20°36'3 v. lgd.
- c) 63°05'6 n. br., 20°36'3 v. lgd.
- d) 63°10'0 n. br., 21°10'0 v. lgd.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 17. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 5. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

2. mars 1977.

Nr. 135.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 66 24. janúar 1977, um grásleppuveiðar.

1. gr.

Síðasta málsgrein 4. gr. hljóði svo:

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum báta frá ákveðnum byggðarlögum, að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðitíma og veiðisvæði, ef sérstakar ástæður þykja til vegna veiða þeirra undanfarin ár.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. mars 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

B 26